



# FRÉTTABRÉF HJÚKRUNAR Á LANDSPÍTALA

1. tbl. 2021

---

*Útgefandi: Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala.  
Ritstjórn: Eygló Ingadóttir og Þorgerður Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingar og verkefnastjórar.  
Forsíðumynd: Þorkell Þorkelsson ljósmyndari Landspítala*

---

## Fréttir frá fagráðum í hjúkrun

Fagráð í hjúkrun á Landspítala eru mynduð utan um sérgreinar hjúkrunar og ljósmóðurfræða. Í kjölfar skipulagsbreytinga á spítalanum var fagráðum breytt árið 2020 þannig að nú starfar eitt fagráð í hverjum kjarna, nema í kvenna- og barnþjónustu, þar starfa þrjú fagráð. Tvö þverfagleg fagráð starfa síðan hjá framkvæmdastjóra hjúkrunar. Hægt er að lesa um skipulag fagráða [hér](#). Innan hvers fagráðs starfa síðan faghópar.

Veturinn 2020-2021 hafa fagráðin verið að aðlaga sig að breyttu skipulagi og eru nær öll komin vel af stað. Fagráð hjúkrunar langveikra er að hefja starfsemi.

Fagráðum í hjúkrun er ætlað að vera vettvangur faglegrar umfjöllunar og samstarfsvettvangur Landspítala og hjúkrunarfræðideildar HÍ. Meðal hlutverka er að móta stefnu um þjónustu, gæðastarf, rannsóknir og kennslu, vera ráðgefandi fyrir stjórnendur um málefni hjúkrunar og ljósmóðurfræða og vera vettvangur samráðs milli deilda, kjarna og sviða. Fagráðum er einnig ætlað að starfa með og virkja hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og sjúkraliða.

Hér á eftir koma fréttir frá fagráðum í hjúkrun á Landspítala frá vetrinum 2020-2021. Ætlunin er að birta slíkt fréttabréf árlega hér eftir til þess að bæta upplýsingaflæði um starfsemi fagráðanna.

### Fagráð bráðahjúkrunar

- Síðustu tvö ár hefur [diplómanám í bráðahjúkrun](#) verið eitt stærsta verkefni fagráðsins en í júní 2021 luku rúmlega 60 hjúkrunarfræðingar víða að af landinu 30 eininga sérhæfðu námi í bráðahjúkrun á framhaldsstigi og þar af 10 ECTS klínísku námskeiði á bráðamóttöku Landspítala. Nemendurnir tókust á við fjölbreytt verkefni, t.d. var [þriggja daga námskeið á Laugarvatni](#) þar sem öndunarerfiðleikar barna, kynferðislegt ofbeldi og bráðaflokkun við hópshlys voru meðal viðfangsefna.
- Annað stórt verkefni eru hæfniviðmið í bráðahjúkrun sem hafa verið í þróun síðan 2013 og í innleiðingu á deildinni meðal nýráðinna síðan 2017. [Nánar er hægt að lesa um þau hér](#). Notkun hæfniviðmiða tryggir stöðuga starfsþróun hjúkrunarfræðinga og bætur hjúkrun. Þeir nýliðar sem hafa lokið fyrstu þrepum hæfniviðmiðanna hafa verið ánægðir en nýlega hófst innleiðing hjá reyndari hjúkrunarfræðingum.
- Framundan eru verkefni sem tengjast skráningu hjúkrunar á bráðamóttöku; samræmingu skráningarkerfa og inntaki skráningar. Stjórn fagráðs í bráðahjúkrun fundar mánaðarlega yfir vetrartímann og fjallar um ýmiss málefni s.s. stöðu bráðadeildarinnar hverju sinni, flæði sjúklinga, fræðslu og kennslu, rannsóknarverkefni í hjúkrun og þátttöku í [árlegum bráðadegi](#) sem haldinn var síðast 5. mars 2021.
- Stjórn fagráðs í bráðahjúkrun 2020-2021 skipa: Ágústa Hjördís Kristinsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun, Dóra Björnsdóttir, sérfræðingur í bráðahjúkrun, Helga Rósa Másdóttir, hjúkrunardeildarstjóri, Kristín Halla Marinósdóttir, bráðahjúkrunarfræðingur, Þuríður Anna Guðnadóttir, aðstoðardeildarstjóri og dr. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, formaður fagráðsins og forstöðumaður fræðasviðs í bráðahjúkrun.

- Ritrynd fræðigrein um skimunartæki við komur eldra fólks á bráðamóttöku var birt í International Emergency Nursing í janúar 2021. Hana er hægt að sjá [hér](#).
- Meðfylgjandi myndir sýna kennslu á bráðadeild Landspítala.



### Fagráð öldrunarhjúkrunar

- Mikil þörf er á aukinni þekkingu og sérhæfingu á þörfum fjölveikra aldraðra sjúklinga innan heilbrigðiskerfisins. Veturinn 2020 - 2021 voru haldin sex svokölluð HÖR námskeið, en HÖR stendur fyrir Heilsugæslu/Heimahjúkrunar Öldrunar Ráðgjöf. Námskeiðin voru haldin á vegum öldrunarþjónustu Landspítala fyrir hjúkrunarfræðinga í heimahjúkrun og heilsugæslu um allt land. Rafræn námsleið í Eloomi kerfinu var útbúin innan Landspítala úr námsefni HÖR námskeiðsins og heitir hún Öldrunarvænni heilbrigðisþjónusta: Námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga um sérstakar þarfir aldraðra. Í þessari útfærslu af námsefninu á Eloomi er sjúkraliðum einnig boðin þátttaka. Umsjónarkennari og ábyrgðarmaður er dr. Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun. Hafi deildir áhuga á að nýta námskeiðið má hafa samband við Ingibjörgu, [ingihj@hi.is](mailto:ingihj@hi.is). Nánar er hægt að lesa um námskeiðin á meðfylgjandi veggspjaldi.
- Á öldrunardeildum er töluvert af ófaglærðum starfsmönnum vegna skorts á sjúkraliðum. Til að bæta gæði þjónustunnar var farið af stað með umönnunarnámskeið fyrir ófaglært starfsfólk vorið 2018 og hafa þau síðan verið haldin árlega. Hópur sjúkraliða og sérfræðinga í hjúkrun unnu að undirbúningi og kennslu. Nánari upplýsingar um námskeiðið má sjá á meðfylgjandi veggspjaldi. Nú er verið að þýða og staðfæra vandað norskt kennsluefni fyrir ófaglærða starfsmenn í öldrunarþjónustu. Verkefnið er unnið í samstarfi Landspítala og [Farsællar öldrunar - þekkingarmiðstöðvar](#) og hlaut það [gæðastyrk frá heilbrigðisráðuneytinu](#). Stefnt er að því að prufukeyra þetta efni á næstunni. Ef vel tekst til eru áform um að kennsluefnið verði gert rafrænt til frekari nota fyrir öldrunarþjónustuna á Íslandi. Ábyrgðarmaður umönnunarnámskeiðanna er Guðrún Dóra Guðmannsdóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun.

- Stjórn fagráðs í öldrunarhjúkrun skipa dr. Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra og Sigrún Bjartmarz, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra.



**LANDSPÍTALI**

## Öldrunarvænni heilbrigðisþjónusta:

### Námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga um sérstakar þarfir aldraðra

Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun

Með fjölgun háaldraðra og þar með þeim sem eru fjölveikir og með langvinna sjúkdóma er þörf á aukinni þekking á sérstökum þörfum þeirra innan heilbrigðiskerfisins.

Haustið 2016 var farið af stað með sérstakt þjónustumódel á Bráðamóttöku Landspítala þar sem ráðgefandi hjúkrunarfræðingar fyrir aldraðra voru í lykilstöðu, svokallaðir BÖR hjúkrunarfræðingar (Bráða Öldrunar Ráðgjöf). Haustið 2018 var síðan haldið samsvarandi HÖR námskeið fyrir heimahjúkrun Reykjavíkur (Heimahjúkrunar Öldrunar Ráðgjöf). Veturinn 2020 til 2021 voru haldin 6 HÖR námskeið á vegum öldrunarþjónustu Landspítala fyrir eftirfarndi samstarfsaðila Landspítalans:

- Heimahjúkrun Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins
- Heimahjúkrun Reykjavíkur
- Hjúkrunarfræðinga á Heilsugæslustöðvum Höfuðborgarsvæðisins
- Hjúkrunarfræðinga á Heilsugæslustöðvum á öllum heilbrigðisumdæmum landsins
- Hjúkrunarfræðinga á sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvum á Höfuðborgarsvæðinu
- Starfsmenn Landspítala á Flæðisdeild og á Bráðamóttöku

**Markmið**

Markmið svokallaðs HÖR námskeiðs (Heilsugæslu / Heimahjúkrunar Öldrunar Ráðgjöf) er að veita reyndum hjúkrunarfræðingum viðbótarpækningu í öldrunarhjúkrun, þekkingu á öldrunarbreytingum og þörfum hrumra aldrðara. Ennfremur þekkingu á sértækri meðferð fyrir hruma aldraða og úrræði til að viðhalda vellíðan og sjálfstæði aldraðra.

**HÖR-námskeið – 30 stundir**  
(sýnishorn úr námskeiðslýsingu)

Ástæða	Tiltekið áætlað	Stundir
Fyrirkæmi: Almannatölu Landspítala, lífsmælingar	1. Hæð og 2. Blóðþryggnis og 3. Blóðsýni og 4. Blóðsýni	20 mín
Fyrirkæmi: Höfuðborgarsvæðis, heilbrigði	1. Höfuðborgarsvæðið og 2. Höfuðborgarsvæðið	10 mín
Fyrirkæmi: Gæðingur, heilbrigði og hjúkrun	1. Gæðingur og 2. Gæðingur	10 mín
Fyrirkæmi: Heilbrigði, heilbrigði og hjúkrun	1. Heilbrigði og 2. Heilbrigði	10 mín

Þessi námskeið er samþættað við námskeiðin sem hafa verið haldin á Landspítali og er það einn af mörgum námskeiðum sem Landspítali býður upp á. Námskeiðið er hannað til að veita hjúkrunarfræðingum þekkingu og færni til að veita bestu gætu og hjúkrun aldraðum. Námskeiðið er hannað til að veita hjúkrunarfræðingum þekkingu og færni til að veita bestu gætu og hjúkrun aldraðum.

**Eloomi námsleið fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á Landspítala – 10 námskeið**  
(sýnishorn úr Eloomi fræðslu og námsstjórnunarkerfinu)



**Að gera heilbrigðisþjónustu öldrunarvænni**












**Umbótaverkefni - öldrunarþjónusta á meðferðarsviði Landspítala**



Námskeiðið byggir á bandarískri og kandískri fyrirmynd en hefur verið aðlagð að hjúkrunarfræðingum sem starfa í heilsugæslu og heimahjúkrun. Efni námskeiðsins hefur einnig nýst sem 10 námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á Landspítala í Eloomi fræðslu og námsstjórnunarkerfinu.

- Kennara**
- Fjölmargir sérfræðingar lögðu okkur lið með að leyfa upptöku á fyrirlestrum sínum og gera þannig námskeiðið að veruleika. Umsjónarkennari og ábyrgðarmaður er Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun
- |   |   |
|---|---|
| <p>Alþjóðleg Guðmundsdóttir, öldrunarfræðingur<br/>Anna Björg Jónsdóttir, öldrunarfræðingur<br/>Aubrey Ólafsdóttir, sjúkrálfari<br/>Ása Guðmundsdóttir, velferðingur<br/>Ásbjörg Magnúsdóttir, sjúkrálfari<br/>Bergþór Baldursson, sjúkrálfari<br/>Guðna Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur<br/>Guðbjörg Pálsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun<br/>Guðný Valgeirsdóttir, fersðamaður<br/>Hallgrímur Guðmundsson, sérfræðingur í jafnvægisáttunum<br/>Hilma Þórunn Ólafsdóttir, öldrunarfræðingur</p> | <p>Hilma Þórunn Ólafsdóttir, tannlæknir<br/>Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun<br/>Keritús Ólafsdóttir, sjúkrálfari<br/>Pálmi V. Jónsson, prófessor og sérfræðingur í öldrunarfræðingum<br/>Sigrún B. Bergmannsdóttir, sjúkrálfari<br/>Sigríður Harðardóttir, sjúkrálfari og fræðslustjóri<br/>Alþeimsvæðingarnáms<br/>Steinn Þórðarson, sérfræðingur í öldrunarfræðingum<br/>Þórhildur Kristín Ólafsdóttir, sérfræðingur í öldrunarfræðingum</p> |
|---|---|

- Fyrirkomulag HÖR námskeiðsins:**
- Námskeiðið fór að öllu leyti fram á Zoom
  - 31 upptaka af fyrirlestrum hver um 15-34 mínútur á Vimeo
  - Umræðufundur (2 klst.) í 5-6 skipti á Zoom. Þeim var stýrt af:
    - Ingibjörgu Hjaltadóttur, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun
    - Sigrúnu Bjartmarz, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun
    - Ingibjörgu S. Steindórsdóttur, hjúkrunarfræðingur hjá Heilsugæslu Höfuðb.
  - Glærur, mælitæki og viðbótarefni fyrir nemendur
  - Skyldumæting og viðurkenningarskjal fyrir þátttöku

Eloomi námsleið fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á Landspítala – 10 námskeið  
(sýnishorn úr Eloomi fræðslu og námsstjórnunarkerfinu)



## Námskeið fyrir ófaglært starfsfólk á öldrunardeildum: Reynsla og áform

Guðrún Dóra Guðmannsdóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun; Jakobína Rut Daniëlsdóttir, sjúkraliði  
Sigurlaug Björk J Fjeldsted, sjúkraliði; Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun

### Inngangur:

Í önn dagsins á deildum fer mikill tími í að segja nýliðum til, þó hlutverkið sé bæði ljúft og skylt. Á öldrunardeildum er nokkur hluti starfsmanna ófaglærður, m.a. vegna skorts á sjúkraliðum. Leiðbeiningarhlutverkið hvílir mest á reyndum sjúkraliðum deildanna ásamt hjúkrunarfræðingum á vakt.

Þegar deildarstjórar ræddu um leiðir til að létta álagi af starfsfólki var ákveðið að byrja námskeiðshald, svokallað Umönnunarnámskeiðið, fyrir ófaglært starfsfólk. Þannig mátti tryggja meiri gæði þjónustu um leið og álag minnkaði í daglegu starfi.

### Fyrirkomulag

Hópur sjúkraliða og sérfræðingar í hjúkrun unnu að undirbúningi og kennslu. Umönnunarnámskeiðið er 30 stundir, nemendur mæta einu sinni í viku eftir hádegi í 8-10 skipti. Hver kennslulota stendur í 2-4 klst og samanstendur af stuttri fræðslu, sýnikennslu og verklegum æfingum.

### Framtíðaráform

Nú eru tímamót þar sem verið er að þýða og staðfæra vandað norskt kennsluefni fyrir ófaglærða starfsmenn í öldrunarþjónustu. Verkefnið er unnið í samstarfi Landspítala og Farsællar öldrunar og hlaut það gæðastyrk frá Heilbrigðisráðuneytinu. Stefnt er að því að prufukeyra þetta efni á næsta Umönnunarnámskeiði. Ef vel tekst til eru áform um að kennsluefnið verði tekið upp á video til frekari nota fyrir öldrunarþjónustuna á Íslandi.



### Um námskeiðið og nemendur:

- Haldin hafa verið 4 námskeið frá því byrjað var árið 2018
- Námskeiðið hafa tekið 33 starfsmenn og af þeim eru 25 enn við störf
- Nokkri nemendur hafa farið í frekara nám í sjúkraliðanám, hjúkunarfræði og læknisfræði
- Nýleg könnun meðal fyrrverandi nemenda sýndi að þeim fannst námskeiðið gagnlegt, skemmtilegt og mátulega langt.

### Efni sem kennt er:

Markmið öldrunardeilda Landspítala	Sýkingavarnir og handþvottur
Framkoma og virðing	Meðhöndlun þvagleggs, meðferð sýna
Umbúnaður rúms með og án sjúklings	Einangrun
Hagræðing í rúmi	Brátt ástand og viðbrögð
Morgunaöðhlyning-Kvöldaöðhlyning	Verkir
Böðun/Sturta	Ábyrgð og upplýsingagjöf
Útskilnaður, Notkun á þvaglekastykkjum	Um dauðvona sjúklunga
Neðanþvottur	Óráð, heilabilun og hegðunarvandi
Næring og vökví	Samskipti við sjúkling og fjölskyldu;
Mötun og skráning í vökvaskema	Samskipti við samstarfsfólk
Tannhirða	Þrýstingssár og snúningsskemur
Um sykursýki	Byltur og byltuvarnir
Endurhæfing á deild	

Umbótaverkefni - öldrunarþjónusta á meðferðarsviði Landspítala

## Fagráð geðhjúkrunar

- Fagráð geðhjúkrunar var endurreist í nóvember 2020 og hélt sinn fyrsta fund 3. febrúar 2021. Sjö manna stjórn fagráðsins var kosin í kjölfar þess fundar. Þá var jafnframt ákveðið að hjúkrunarfræðingar sem starfa við geðhjúkrun á barna- og unglingageðdeild yrðu boðnir velkomnir í fagráð geðhjúkrunar á Landspítala. Þannig má segja að fagráðið starfi þvert á einingar og svið Landspítala.
- Stjórn fagráðs geðhjúkrunar hefur á vormánuðum varið kröftum sínum í að skilgreina hlutverk og markmið fagráðsins, undirbúa starfsemi haustsins 2021 og vors 2022 og gera geðhjúkrun sýnilegri með því að halda úti hlaðvarpi sem kallast Geðvarp og er hluti af hlaðvarpsseríu Landspítala. Fjórir þættir Geðvarpsins eru aðgengilegir á helstu streymisveitum og fjalla um [samskipti](#), [bráðafasann](#), hlutverk geðhjúkrunar, mikilvægi handleiðslu og meðferðarsambandið.
- Stjórn fagráðs geðhjúkrunar og vinnuhópur á vegum fagráðsins hafa frá árinu 2020 unnið að því að þróa markvissa staðlað aðlögunar- og þjálfunarferli sem byggir á þremur grunnstoðum (sjá mynd hér að neðan). Þjálfunarferlið byggir á alþjóðlegum hæfniviðmiðum innan geðhjúkrunarfræði sem hafa verið þýdd og staðfærð. Stefnt er að útgáfu íslenskrar þýðingar á haustmánuðum 2021. Að loknum aðlögunar- og þjálfunarferli mun hjúkrunarfræðingur hafa öðlast hæfni til að mæta fjölbreyttum þörfum notenda geðheilbrigðisþjónustu, bæði sem sjálfstæður meðferðaraðili og sem mikilvægur þátttakandi í þverfaglegu meðferðarteymi.
- Stjórn fagráðsins skipa dr. Helga Sif Friðjónsdóttir, formaður, Ingibjörg Margrét Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur, dr. Jóhanna Bernharðsdóttir, lektor, Guðfinna Betty Hilmarsdóttir, aðstoðardeildarstjóri, Marvi Gil, hjúkrunarfræðingur, Rannveig Þöll Þórsdóttir, hjúkrunarfræðingur og Sandra Sif Gunnarsdóttir, aðstoðardeildarstjóri.
- Dagskrá fagráðs geðhjúkrunar fyrir haustið 2021 mun liggja fyrir í lok ágúst og verður ýmislegt áhugavert og spennandi þar í boði. Hjúkrunarfræðingar sem starfa við geðhjúkrun á Landspítala eru hvattir til að fylgjast með og taka þátt í starfi fagráðsins. Allar upplýsingar um starfsemi fagráðsins má nálgast inn á [Workplace síðu fagráðs geðhjúkrunar](#).



## Fagráð hjúkrunar aðgerðasjúklinga

- Nýtt fagráð í hjúkrun aðgerðasjúklinga hóf störf þann 30. apríl 2021 en fagráðsfundir verða haldnir mánaðarlega.
- Á fyrsta fundi fagráðsins var kynning á þarfagreiningu fyrir sérfræðinga í hjúkrun á skurðlækningasviði og niðurstöður úr viðtölum við deildarstjóra sem tekin voru á vordögum til þess, meðal annars, að fá yfirsýn yfir verkefni á deildum, vísindastörf, framhaldsnám í hjúkrun og væntingar til nýja fagráðsins.
- Fagráðið stóð fyrir opnum fundi á Teams þann 17. maí 2021 þar sem nemar í diplómanámi í hjúkrun aðgerðasjúklinga kynntu verkefni sín. Fram undan eru mörg áhugaverð verkefni og stefnt er að því að halda málþing í haust fyrir hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á sviðinu í haust.
- Stjórn fagráðsins skipa Katrín Blöndal, sérfræðingur í hjúkrun, Ingibjörg Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og hjúkrunardeildarstjóri, Kolbrún Kristiansen, sérfræðingur í hjúkrun, Kolbrún Gísladóttir, gæðastjóri, Steinunn Arna Þorsteinsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri, Erla Dögg Ragnarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri og dr. Herdís Sveinsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs.

## Fagráð skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrunar

- Þrjú fagráð hafa verið sameinuð í eitt að viðbættum faghópum speglunar- og vöknunarhjúkrunar og er stjórn fagráðsins að stilla saman strengi. Samhliða því er að koma í ljós hversu mikilvægur vettvangurinn getur orðið, bæði með stuðningi við einstaka greinar og innan kjarnans í heild.
- Fyrsta áherslumál stjórnarinnar er gerð hæfniviðmiða fyrir hverja faggrein en tekið verður mið af þeim í sí- og endurmenntun. Svæfingahjúkrunarfræðingar uppfylla hæfniviðmið alþjóðasamtaka svæfingahjúkrunarfræðinga (IFNA) við útskrift úr námi og verður áherslan því á hæfniviðmið til sí- og endurmenntunar í þeirri grein.
- Verið er að skoða hermiþjálfun fyrir klínískt starfsfólk sem hluta af sí- og endurmenntun á kjarnanum og faghópur gjörgæsluhjúkrunar hóf vinnu að uppbyggingu fjölskylduhjúkrunar á starfsárinu.
- Áherslumál stjórnarinnar verður jafnframt að kortleggja sérfræðipækkingu innan hvorrar sérgreinar fyrir sig og meta framtíðarþörfina á sérfræðingum í hjúkrun.
- Haustið 2019 var í fyrsta sinn boðið upp á meistaranám í gjörgæsluhjúkrun við Hjúkrunarfræðideild HÍ. Fjórtnán hjúkrunarfræðingar innrituðust í námið og luku 9 þeirra meistaraáráðu vorið 2021 og eru 16 manns innritaðir í sérgreinina haustið 2021. Viðbótardiplómanám á meistarastigi í svæfingahjúkrun og í skurðhjúkrun hófust haustið 2020. Námsleiðirnar taka tvö ár og hafa að jafnaði verið í boði annað hvert ár. Tólf sérnámshjúkrunarfræðingar eru skráðir í skurðhjúkrun og 11 í svæfingahjúkrun. Til viðbótar eru fjórir skurðhjúkrunarfræðingar og fimm svæfingahjúkrunarfræðingar í meistaranámi á þessum klínísku sérsviðum.

- Í stjórn fagráðsins eru dr. Þórunn Scheving Elíasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í svæfinga- og skurðhjúkrun, dr. Rannveig Jóna Jónasdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Guðrún Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Eydís Ingvarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Ragnheiður Jónsdóttir, aðstoðardeildarstjóri, Þórhildur Höskuldsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri, Ólöf Sigurborg Sigurðardóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur, Þórdís Borgþórsdóttir, svæfingahjúkrunarfræðingur, sérfræðingur í hjúkrun og Auður Sesselja Gylfadóttir, aðstoðardeildarstjóri.

### Fagráð krabbameinshjúkrunar

- Stjórn fagráðsins vann nýja starfsáætlun fyrir tímabilið 2021-2023, en hún tekur mið af áherslum úr [sýn og stefnu Landspítala](#), [sýn og stefnu hjúkrunar](#) á Landspítala, [krabbameinsáætlun Íslands](#) og [stefnu um framtíðarskipan líknarþjónustu á Íslandi](#). Helstu lykiláherslur fagráðsins eru þessar:
  1. Sjúklingafræðsla og þátttaka í meðferð. Samþykkt var ný verklagsregla um sjúklingafræðslu í Krabbameinsþjónustu. Sjúklingafræðslufni var allt endurskoðað og forminu breytt. Notkun krabbameinsdagbókarinnar var hætt eftir 23ja ára farsælt gengi. Allt fræðslufni er nú í gæðahandbók LSH, prentað út og sett í plastmöppur. Stefnt er að aukinni rafrænni notkun. Í haust verður lögð áhersla á þátttöku hjúkrunarfræðinga í sjúklingafræðslu.
  2. Heilsumeðvera - rafræn samskiptagátt. Þróun rafrænna samskipta í þjónustu við sjúklinga með krabbamein hefur verið í vinnslu síðan 2018 en hægðist töluvert á verkefninu vegna Covid-19. Verkefnið er í samstarfi við Embætti landlæknis, Origo, HÍ og HR og það er styrkt af Krabbameinsfélagi Íslands og Krabbameinsfélagi höfuðborgasvæðisins. Tæknilegar prófanir fóru fram frá 2020-2021 og stefnt er að formlegri notendaprófun og innleiðingu á 11B ásamt fýsileikarannsókn á þessu ári. Hægt er að lesa um Heilsumeðveru hér að neðan.
  3. Líðan, einkenni og þarfir sjúklinga. Áfram er unnið með að efla markvisst mat á líðan og þörfum sjúklinga með því að nota ESASr mat á einkennum og DT-skimun til að meta vanlíðan og þarfir sjúklinga. Þessi matstæki verða hluti af Heilsumeðveru og horft er til þess að virkja þannig enn betur sjúklinga til þátttöku í sinni meðferð.
  4. Aðlögun nýliða og starfsþróun. Rétt fyrir Covid var ákveðið að bjóða sérskipulagt starfsþróunarár fyrir nýliða í hjúkrun á krabbameinsdeildum og samhliða því var gerð áætlun um að þróa námsefni inn í námsstjórnunarkerfi Eloomi í takt við hæfniviðmið krabbameinshjúkrunar. Nokkrir nýliðar gátu nýtt sér þetta starfsþróunarár að hluta, en erfitt reyndist að fylgja því eftir í þeim aðstæðum sem Covid skapaði. Helstu grunnnámskeið eru í Eloomi, um 20 mismunandi námskeið sem henta öllum innan Krabbameinsþjónustunnar.
  5. Nám í krabbameinshjúkrun. Í samráði við hjúkrunarfræðideild HÍ var ákveðið að bjóða diplómanám í krabbameinshjúkrun haustið 2021 og sótti 21 hjúkrunarfræðingur um. Nú eru um 20 hjúkrunarfræðingar í Krabbameinsþjónustu með meistaraþróf í hjúkrun, þar af 15 í krabbameins- eða líknarhjúkrun. Tólf hjúkrunarfræðingar eru með sérfræðingsleyfi. Í vor útskrifast tveir meistaranemar og einn í haust með áherslu á hjúkrun krabbameinssjúklinga.
  6. Sérfræðingar í hjúkrun. Mikilvægt er efla sérhæfingu og sérfræðipækkingu innan hjúkrunar. Nú eru sjö sérfræðingar í krabbameinshjúkrun og þrjár sérfræðingar í líknarhjúkrun. Samkvæmt nýrri þarfagreiningu fagráðsins er mikil þörf er á að fjölga sérfræðingum í hjúkrun og þörfin



er mun meiri en framboðið. Til næstu 5 ára telur fagráðið þörf á að fjölga um að minnsta kosti um 6-8 sérfræðinga í hjúkrun. Þörf er á sérfræðipækkingu fyrir mismunandi krabbameinssjúklingahópa, allar sérgreinar og meðferðarform og á öllum þjónustustigum. Nú er einkum þörf á að tengja stöður sérfræðinga við þjónustu á legudeild 11EG og geislameðferðardeild 10K.

7. Stöðugar umbætur á deild 11EG. Metnaðarfull umbótaáætlun var unnin sem fjallar m.a. um mannauðsmál, verkefnastjórnun og flæðismál. Nýlega var ákveðið að þjónusta við krabbameinsveikar konur sem hefur verið sinnt á 21A flytjist til 11G í haust og mun deildin fara úr 28 rúmum í 30 í haust og síðar í 32 rúm. Til þess að styðja við breytta og bætta aðstöðu á deildinni ákvað hópur kvenna að taka deildina í fóstur. Um 130 konur, Snjódrífurnar, gengu á Hvannadalshnjúk til þess að [safna fyrir bættri aðstöðu](#).
  8. Skimun brjóstakrabbameina og brjóstamiðstöð. Þann 1.janúar 2021 tók Landspítali við framkvæmd brjóstaskimana í samvinnu við SAK þegar Leitarstöð Krabbameinsfélagsins var lokað. Ný brjóstamiðstöð verður á Eiríksgötu 5, þar sem sameinuð er á einum stað þjónusta hjúkrunarfræðinga og lýta-, krabbameins-, geisla og röntgen- og brjóstaskurðlækna sem sinna konum með brjóstakrabbamein, sjá veggspjald hér að neðan.
  9. Skipulag hjúkrunar á geislameðferðardeild. Um síðustu áramót sameinuðust geislalæknisfræðideild og geisladeild og hjúkrunarfræðingar voru færðir undir deildarstjóra hjúkrunar á 11B. Starfssvið hjúkrunarfræðinga er að veita skjólstæðingum í geislameðferð fræðslu, ráðgjöf og stuðning, samhliða því að meta með markvissum hætti líðan og einkenni og sinna einkenameðferð.
  10. Líknarmeðferð. Fagráðið leggur mikla áherslu á að efla líknarmeðferð og margt jákvætt og uppbyggilegt hefur átt sér stað á síðustu árum á sviði líknarmeðferðar á Landspítala. Sem dæmi má nefna stuðningsþjónustu hjúkrunarfræðinga líknarráðgjafateymis við sjúklinga með nýgreind illkynja heilaæxli og bris- og lungnakrabbamein. Landspítali vinnur nú að stofnun líknarmiðstöðvar sem hefur m.a. það hlutverk að sinna sérhæfðri líknarþjónustu, veita stuðning og ráðgjöf innan og utan Landspítala og vinna að þróun almennrar líknarmeðferðar í samstarfi við heilsugæslu, heimahjúkrun og hjúkrunarheimili. Gefin voru út þrjú gæðaskjöl á síðasta ári sem tengdust COVID faraldrinum, annars vegar um [einkenameðferð hjá sjúklingi með COVID-19](#) veirusýkingu þegar ákvörðun hefur verið tekin um líknandi áherslur í meðferð og hins vegar um [samtal um meðferðarmarkmið við bráðum alvarlegum veikindum](#) og [þegar horfur eru slæmar](#).
- Stjórn fagráðs krabbameinshjúkrunar fundar að jafnaði tvisvar í mánuði og boðar stóran fagráðsfund í Krabbameinsþjónustu mánaðarlega.
  - Stjórn fagráðs krabbameinshjúkrunar 2020-2021 skipa eftirfarandi: Þórunn Sævarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri 11BC og sérfræðingur í hjúkrun, Ragna Gústafsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri 11EG, Halla Grétarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Hrefna Magnúsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Kristín Lára Ólafsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Guðbjörg Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Svala B. Robertson, sérfræðingur í hjúkrun og Nanna Friðriksdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og formaður fagráðsins.

## Inngangur

Heilsu meðvera er rafræn samskiptagátt sem tengir saman meðferðaraðila sem vinna í nýrri einingu í Sögu sem nefnist Meðvera og sjúklinga sem nota Heilsuvera.is.

Þannig er Heilsu meðvera „rafrænt teymi“ með sjúklinginn innanborðs og í forgrunni.

Einkenameðferð, fræðsla og stuðningur er mikilvægur hluti af meðferð og þjónustu við krabbameinssjúklinga. Það er mikilvægt fyrir sjúklinga að geta fylgst með breytingum á liðan sinni og verið þátttakendur í eigin umönnun og meðferð, og á sama hátt er mikilvægt fyrir meðferðarteymi sjúklinga að geta fylgst með liðan þeirra og geta stutt við þátttöku þeirra í meðferð.

Heilsu meðvera er hluti af rafrænni heilbrigðisþjónustu og getur gagnast sjúklingum með krabbamein, sem eru flestir að mestu í heimahúsum þegar þeir takast á við breytta liðan, aukaverkanir og einkenni á milli meðferða og viðtala. Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á margvíslegan ávinning af rafrænni gagnvirkri þjónustu þegar hún samanstendur af markvissu einkennameði, fræðslu og stuðningi með bæði sjálfvirkri og beinni svörum.

Tilgangur þessa verkefnis er að þróa og innleiða notendavæna, gagnvirka og örugga vefsíðu sem tengist sjúkaskrá sjúklings þannig að sjúklingar getur tekið þátt í meðferð sinn að heiman, og til þess að meðferðarteymi sjúklings geti stutt betur við þátttöku, fái betri yfirsýn yfir liðan og þarfir ásamt því að geta brugðist við breytingum í tíma.

## Aðferð: Heilsu meðvera - Krabb



A. Í Heilsuveru hafa krabbameinssjúklingar aðgang að þrenns konar virkni:


1. Mati á liðan og einkennum með ESASr og DT-mati á vanliðan og þörfum
2. Fræðslu efni
3. Samskipta- og skilaboðagátt við meðferðarteymið

B. Í Meðveruhluta Sögu er margþætt virkni fyrir meðferðarteymið:


1. Hópa virkni. Búa til sjúklingahópa og yfirsýn hópa
2. Spurningalisti DT og ESASr. Senda áminningar og myndræn yfirsýn yfir svör og niðurstöður
3. Rauð flöggun 🚨 þegar sjúklingur merkir við  $\geq 7$  á DT- vanliðan og ESAS einkenni; SMS skilaboð
4. Gul flöggun 🟡 þegar sjúklingur merkir við 3-6 á DT og 3-6 á ESAS
5. Í vöktun er hægt að merkja sér sjúklinga og afmerkja
6. Fræðslu efni og leiðbeiningar úr gæðahandbók LSH
7. Samskipta- og afgreiðslugátt



1. Skjámynd af Meðveruglugga í Sögu



2. Skjámynd af yfirliti sjúklingahóps í Meðveru með flöggunum




Ís	Nafn	Stærð	Ágrip	Ágrip	Stærð	Stærð	Stærð	Stærð	Stærð
1	1010001	1010001	1010001	1010001	1010001	1010001	1010001	1010001	1010001
2	1010002	1010002	1010002	1010002	1010002	1010002	1010002	1010002	1010002
3	1010003	1010003	1010003	1010003	1010003	1010003	1010003	1010003	1010003
4	1010004	1010004	1010004	1010004	1010004	1010004	1010004	1010004	1010004
5	1010005	1010005	1010005	1010005	1010005	1010005	1010005	1010005	1010005

3. Skjámynd af niðurstöðum DT-mats og fræðslu efni



4. Skjámynd af niðurstöðum ESAS mats og vali á fræðslu efni



## Framkvæmd

Hönnun- og forritunarfasi Heilsu meðvera-Krabb hófst árið 2018. Frá nóvember 2020-maí 2021 fór fram notendatækniprófun til þess að skoða og prófa mismunandi hluta samskiptagáttarinnar.

Þátt tóku 35 sjúklingar og 5 hjúkrunarfræðingar á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga 11BC og í Líknarráðgjafateyminu.

Gagnlegar ábendingar komu frá sjúklingum, aðstandendum og hjúkrunarfræðingum sem nýttust til úrbóta.

Stefnt er að formlegri notendaprófun á 11BC sumarið 2021 og fyrstu innleiðingu samskiptagáttarinnar með tveimur meðferðarteymum á sömu deild haustið 2021.

Samhliða innleiðingu verður unnin fýsileikarannsókn og í framhaldinu langtímarannsókn á áhrifum samskiptagáttarinnar.

# Brjóstamiðstöð Landspítala

## Sameinuð göngudeild á Eiríksstöðum

Póra Þórsdóttir, Ólöf Kristjana Bjarnadóttir, Svanheiður Lóa Rafnsdóttir,  
Erla Dögg Ragnarsdóttir, Páll Helgi Möller, Kristín Sigurðardóttir

### Forsaga

Árið 2020 var tekin ákvörðun um að sameina þjónustu við einstaklinga með sjúkdóma í brjóstum. Þann 15. mars 2021 var þjónustan sameinuð í nýju húsnæði að Eiríksgötu 5. Fram að því hafði sú þjónusta verið veitt á tveimur stöðum. Annars vegar á göngudeild kviðarhols- og brjóstaskurðlækninga 10E og hins vegar á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga 11B. Verkefnið er mikilvægt skref í fyrirhugaðri uppbyggingu brjóstamiðstöðvar í samræmi við viðurkennda staðla um bestu þjónustu.



### Markmið

- Byggja upp brjóstamiðstöð þar sem sameinuð er á einum stað þjónusta brjóstaskurðlækna, hjúkrunarfræðinga, lýtalækna, krabbameinslækna, geislalækna og röntgenlækna
- Veita heildræna þjónustu með öflugri teymisvinnu fyrir einstaklinga með sjúkdóma í brjóstum
- Samþætta og stuðla að samfelli í þjónustu og auka þannig öryggi sjúklinga
- Auðvelda aðgengi einstaklinga með sjúkdóma í brjóstum að þjónustu
- Stuðla að aukinni samvinnu við skimunar- og greiningareiningu röntgendeildar á Eiríksstöðum

### Sjúklingahópar

- Einstaklingar með krabbamein í brjóstum
- Einstaklingar með góðkynja sjúkdóma í brjóstum
- Einstaklingar með aukna áhættu á krabbameini í brjóstum
- Uppbyggingar á brjóstum eftir krabbameinsaðgerðir

### Þjónustan


- Greining og ákvörðun meðferðar
- Undirbúningur og eftirlit eftir skurðaðgerðir
- Undirbúningur og eftirlit krabbameinslyfja- og geislamedferðar
- Erfðaráðgjöf, eftirlit og mat með tilliti til áhættuminnkandi aðgerða
- Einkennamat og meðferð
- Ráðgjöf, fræðsla og stuðningur

### Þróun þjónustunnar – næstu skref


- Samþætta þjónustuna út frá þörfum sjúklings með samfelli og öryggi að leiðarljósi
- Þróa þverfaglega teymisvinnu með sjúklinginn í forgrunni
- Þróa hlutverk umsjónarhjúkrunarfræðings í samræmi við krabbameinsáætlun með áherslu á samfelli í þjónustu sjúklings gegnum allt ferlið
- Vinna að aðkomu teymisins fyrir í greiningarferlinu

## Fagráð hjartahjúkrunar

- Fagráð hjartahjúkrunar var stofnað árið 2006 og hefur verið starfrækt síðan. Fagráðið var endurskipulagt samkvæmt nýjum reglum framkvæmdastjórnar haustið 2020.
- Vinna fagráðsins í vetur hefur falist í að setja starfsreglur og árangursvísa, gera verkefnaáætlun og velja lykílaherslur. Meðal helstu verkefna sem eru komin til framkvæmda eru átak í sjúklingafræðslu, verkefni sem tengjast rannsóknum á fjarheilbrigðissmáforritinu Sidekick, þátttaka í umbótaviku Landspítala og undirbúningur fyrir ráðstefnuna Hjúkrun 2021.
- Stjórn fagráðsins skipa eftirfarandi hjúkrunarfræðingar frá hjartadeild 14E/G, hjartagátt og hjarta- og æðapræðingu: Hulda Halldórsdóttir, hjúkrunarfræðingur og formaður, Auður Ketilsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Guðríður K. Þórðardóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Inga V. Ólafsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Valdís Garðarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri hjartagátt, María V. Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og Hildur R. Albertsdóttir, hjúkrunarfræðingur.



# Átak í sjúklingafræðslu á hjartadeild 14EG



Auður Ketilsdóttir, Bylgja Kærnested, Elna Albrechtsen  
Guðríður K Þórðardóttir og Inga V Ólafsdóttir

### Inngangur

Lífsstíll og sjálfsumönnun er veigamikill þáttur meðferðar hjartasjúklinga og sjúklingafræðsla því mikilvæg í hjúkrunarmeðferð hjartasjúklinga.

Í sýn og stefnu hjartadeildarinnar er sjúklingafræðsla ein af lykílaherslum þjónustunnar en þrátt fyrir það hefur árling fræðsludagskrá hjúkrunarfræðinga um sjúklingafræðslu fallið niður síðastliðin tvö ár.

Yngri hjúkrunarfræðingar hafa kallað eftir meiri stuðningi við fræðslu sjúklinga og haustið 2020 var því farið í átaksverkefni til að efla sjúklingafræðslu á deildinni.


### Aðferðarfræði

Notast var við verkefnaþrist LEAN hugmyndafræðinnar, gert gagnakort og sett markmið.

Lykílskref má sjá á tímalínunni.

### TÍMALÍNA

Átak í sjúklingafræðslu á hjartadeild 14EG




**2019-2020** Árangur veita um að sjúklingafræðsla hafi deild. Gerð listunnar meðal hjúkrunarfræðinga hjúkrunarfræðinga á deildinni um þarf þeirra og væntingar varðandi sjúklingafræðslu.

**Sept - des 2020** Verkefniþrustur. Sett fram markmið. Hugmyndavörna og vinnu við lífsstíl hjúkrunarfræðingum. Gert gagnakort.

**Febrúar 2021** Gert á skráningu sjúklingafræðslu í febrúar.

**Mars 2021** Fræðsla og kynningarfundir.

**Mai 2021** Mat á árangri gert á skráningu sjúklingafræðslu.



Umræðu og fræðslufundur voru vel sóttir

### Markmið sjúklingafræðslu á hjartadeild


Sjúklingar og aðstandendur séu vel upplýstir um:

- sjúkdómsástand, horfur, niðurstöður rannsókna og meðferð
- áhættuþætti, æskilega lífshætti og sjálfsumönnun
- hættumerki, eðlileg viðbrögð við veikindum og bataferlið


Skráning sé upplýsandi um þá fræðslu og upplýsingar sem sjúklingur hefur fengið og hvernig hann meðtók hana.

### Hjálpargögn - Vasaspjald og flæðirit

#### Flæðirit sjúklingafræðslu á hjartadeild



Hjúkrunarfræðingar lýstu árangri með hjálpargögn.




### Niðurstöður

Úttekt á skráningu um sjúklingafræðslu staðfesti áhyggjur um að þörf væri á úrbótum. Sjúklingafræðsla hefur ekki verið nægilega markviss en endurtekin úttekt á skráningu að átaksverkefninu loknu sýndi að skráning sjúklingafræðslu hafði aukist.

### Ályktanir

Átaksverkefnið skilaði árangri en enn er þörf á að skerpa á ferli sjúklingafræðslu á deildinni og staðla betur skráningu um sjúklingafræðslu. Einnig þarf fræðsludagskrá fyrir hjúkrunarfræðinga um sjúklingafræðslu að vera regluleg og stuðningur við öryndari hjúkrunarfræðinga markvissari.



Úttekt á skráningu sjúklingafræðslu

Skýring	2020	2021
Þörf á skráningu	45%	85%
Árangur veita	15%	65%
Staðlað betur skráningu	10%	45%



## Inngangur

Öll sem greinast með kransæðasjúkdóm fá boð í hjartaendurhæfingu þar sem tekið er á afleiðingum sjúkdómsins og þeim líkamlegu og andlegu þáttum sem hafa áhrif á þróun og framgang hans. Markmið hjartaendurhæfingar er að einstaklingur nái eins góðri líkamlegri, félagslegri og andlegri heilsu og unnt er. Hjartaendurhæfingu er sinnt af fjölbreyttum fagstéttum til að gera þjónustuna heildræna og árangursríka. Mikil þróun hefur átt sér stað á starfsemi hjartaendurhæfingar á undanförmum árum.

**2021: Öll hitta sjúkraþjálfara, hjúkrunarfræðing og hjartalækni. Þau sem þurfa hitta sálfræðing, félagsráðgjafa eða næringarfræðing.**



## Staðan 2019

- **Hópræðsla:** Sjúklingur mætti 7 föstudaga í röð á ólík fræðsluerindi. Mjög tímafrekt fyrir sjúkling
- **Skortur á yfirsýn:** Hver fagstétt vann í sínu horni, skortur á yfirsýn yfir verkefni, mögulega tvíverknaður og gat orðið til þess að sjúklingur mætti dag eftir dag í svipaðar komur.
- **Engin ákveðinn lækni:** áskorun að finna lækni ef á þurfti að halda, tók mikinn auka tíma og olli óryggi.

**Nauðsynlegt að gera breytingar, auka samfellu í þjónustu og bæta samvinnu. Markmið að fækka skiptum sem sjúklingur þarf að mæta á Landspítala og á sama tíma bæta þjónustu**

## Staðan 2021

- **Fræðsla:** Hópræðsla hætt og vinna við heimasíðu á ytri vef Landspítala langt komin. Samvinna marga fagstétta.
- **Yfirsýn:** Betri yfirsýn yfir tímabókanir sjúklings. Fagaðilar betur meðvitaðar um hlutverk allra í hjartaendurhæfingu.
- **Rásir í Heilsugátt:** Nýttar til að auðvelda samskipti milli fagfólks.
- **Vikulegir teymisfundir:** Fulltrúar allra fagstétta eiga faglegt samtal og veita ráðgjöf og stuðning, rými fyrir umræður.
- **Hjartalækni:** einn ákveðin hjartalækni sem bakhjarl fyrir göngudeildina, veitir ráðgjöf og stuðning eftir þörfum.

## Dæmi um fræðsluefni á heimasíðu Landspítala

Foröðla > Sjúklingar/Altaendur > Fræðsluefni

### Hjartaendurhæfing - fræðsluefni

Að greinast með langvinnan sjúkdóm getur haft mikil áhrif á líf einstaklinga. Kransæðasjúkdómur er langvinnur sjúkdómur sem tilheyrir flokki hjarta- og æðasjúkdóma. Á þessari síðu er hægt að nálgast ýmsa fræðslu með sérstakri áherslu á fræðslu um áhættuþætti kransæðasjúkdóms. Sýnt hefur verið fram á að stjórn á áhættuþáttum getur hægt verulega á þróun hjarta- og æðasjúkdóma. Í hjartaendurhæfingu felst að taka á þeim líkamlegu og andlegu þáttum (áhættuþáttum) sem hafa áhrif á þróun og framgang hjarta- og æðasjúkdóma. Mælt er með að taka þátt í hjartaendurhæfingu eftir greiningu kransæðasjúkdóms.

Markmið hjartaendurhæfingar er að einstaklingur nái eins góðri líkamlegri, félagslegri og andlegri heilsu og framast er unnt. Hægt er að hindra þróun sjúkdóms og vinna gegn hamlandi áhrifum hans ásamt því að draga úr hættu á endurteknum áföllum með því að hafa áhrif á áhættuþætti.

### Áhrif þjálfunar

Sjúkraþjálfarar hjartaæiningar Landspítala

### Mataræði – hjartað í fyrirrúmi



### AÐLÖGUN EFTIR HJARTAVEIKINDI PARTUR I

Hjartasjúkdómar- eðli, meðferð og áhættuþættir  
Áhrif sálfræðilegra þátta á aðlögun að hjartasjúkdómum

## Inngangur

- Við á hjartadeildinni höfum haft mikinn áhuga á að efla annars stigs forvarnir hjá okkar sjúklingum.
- Í því felst meðal annars kröftug meðferð áhættuþátta hjartasjúkdóma og efling lífstíls. Við höfum verið að skoða nýjar leiðir til að koma þessum mikilvægu skilaboðum til sjúklinga.
- Í samvinnu við heilbrigðistæknifyrirtækið SidekickHealth höfum við verið að þróa stafræna nálgun í eftirliti hjartasjúklinga í gegnum snjallaforrit.
- Þetta gengur út á fjarvöktun og fjarstuðning, meðal annars til stuðnings við lífstilsbreytingar.

## Aðferðarfræði

- Skoða hvort stafrænt eftirlit í formi fjarvöktunar og fjarstuðnings gegnum snjallforrit geti bætt árangur.
- Getur fjarvöktun gert eftirlit markvissara og hjálpað okkur að stýra aðflæði að göngudeildum?
- Verkefninu verður skipt niður í þrjú hluta þar sem þrjár algengustu hjartasjúkdómarnir, hjartabilun, kransæðasjúkdómur og gáttatíf, verða rannsakaðir.



## Áætlun

- Fýsileikakönnun sem var gerð í fyrra á göngudeild hjartabilunar með forritinu sýndi áhugaverðar niðurstöður sem gáfu frekari þróun og rannsóknum byr undir báða vængi.
- Önnur slík könnun meðal kransæðasjúklinga fór af stað núna í maí.
- Í haust fara af stað slembaðar rannsóknir á þremur algengustu hjartasjúkdómum (hjartabilun, kransæðasjúkdómur og gáttatífi) þar sem borin verður saman hefðbundin nálgun við eftirlit og hefðbundin nálgun auk fjarvöktunar og fjarstuðnings.



- Fjarvöktunin fer fram gegnum lykilsurningar sem þáttakendur svara í snjallforriti með reglugu millibili auk þess sem þeir skrá mælingar á lífsmörkum og líkamspýngd.
- Lagt verður mat á svörin með sérstöku algtrim sem ákvarðar viðbrögð heilbrigðisstarfsmanna er vaktu niðurstöðurnar.
- Fjarstuðningurinn er í formi myndbanda og hvatningaskilaboða í snjallforritið. Sérstök áhersla er lögð á að hvetja til heilbrigðari lífstíls. Í því felst til að mynda mikil áhersla á hreyfingu, reykleysi, kjörþýngd, hollt mataræði, svefn og slökun.
- Fjarvöktun gefur tækifæri til að fylgjast mun tíðar með sjúklingum og bregðast fyrir við ef versnun verður.



## Fagráð barnahjúkrunar

- Nýtt fagráð barnahjúkrunar hóf störf í nóvember 2020 í breyttu fyrirkomulagi.
- Fyrir liggja drög að þarfagreiningu sérfræðinga í barnahjúkrun til næstu fimm ára, fagráð barnahjúkrunar á eftir að ljúka þeirri vinnu í samráði við deildarstjóra og forstöðumann kvenna- og barnþjónustu.
- Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar kom á fund fagráðsins í febrúar sl. ásamt Eygló Ingadóttur og kynnti sýn og stefnu hjúkrunar og fyrirkomulag fagráða nánar. Í kjölfarið hefur fagráðið rætt áhersluatriði og vinnu að þeim (öryggismenning – mannauður – þjónusta - stöðugar umbætur).
- Fulltrúar frá deildum hafa kynnt verkefni og gæðaskjöl m.a. þjónustukannanir, mælitæki fyrir börn ([SBAR-PEWS](#) og [SBAR-lífmörk barna](#)) og [stuðningssamtöl](#) á [Vökudeild](#), [stuðningssamtöl](#) á [barnadeildum](#) sem hafa verið innleidd sl. 1-3 ár.
- Forstöðumaður fræðasviðs barnahjúkrunar kynnti skipulag varðandi nemendur í grunn- og framhaldnámi í hjúkrun og sagði frá verkefnum og rannsóknum þeirra. Hann kynnti einnig ferli umsókna um sérfræðileyfi og leiðir.
- Þegar hafa nokkrir sérfræðingar í hjúkrun kynnt starfsáætlun sína og verkefni, og fleiri eiga eftir að kynna næsta haust.
- Framundan er m.a. að hefja undirbúning að gerð og innleiðingu sérhæfðra hæfniviðmiða á barnadeildum og endurskoða sýn og stefnu fagráðs barnahjúkrunar.
- Í fagráðinu eru 38 meðlimir og í stjórn eru 7-8 fulltrúar frá deildum/skipulagseiningum. Stjórnina skipa Alma Björk Guttormsdóttir, MPH hjúkrunarfræðingur, Elísabet Konráðsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, dr. Guðrún Kristjánsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs í barnahjúkrun, Karitas Gunnarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Margrét Ó. Thorlacius, MHI hjfr/ljósm 21D formaður fagráðsins, Raket Björg Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og doktorsnemi, Raket Linda Helgudóttir, hjúkrunarfræðingur og fjölskyldumeðferðarfræðingur BUGL og Sigríður Dóra Sigtryggsdóttir, hjúkrunarfræðingur og heilsumarkþjálfari.

## Fagráð um ljósmæðraþjónustu

- Stjórnin hefur fundað tvisvar í mánuði frá ársbyrjun og hafa verkefnin verið fjölþætt. Mörg verkefni lágu fyrir þar sem fundir höfðu verið fáir árið 2020.
- Samþykkt var að heiti fagráðsins breyttist úr *Fagráð ljósmæðra* í *Fagráð um ljósmæðraþjónustu*.
- Vinna við stefnumótun um hlutverk *Fagráðs um ljósmæðraþjónustu* er komin vel á veg og tekur mið af skipulagi fagráða og stefnuráðs hjúkrunar og ljósmóðurfræða á spítalanum.
- Greining á þörf fyrir sérfræðiljósmæður á Landspítala. Skýrsla með þarfagreiningu var send framkvæmdastjóra hjúkrunar í lok febrúar. Unnið er að kortlagningu á þeim ljósmæðrum sem lokið hafa meistaraþrófi, eru í meistaranámi, eru með sérfræðileyfi eða í sérfræðingsstöðum. Gagnlegt er að hafa yfirlit um sérsvið og rannsóknarefni hverrar og einnar m.a. fyrir þarfagreininguna.

- Stjórnin telur mikilvægt að fagráðið sé sýnilegt og voru ýmsar leiðir nefndar til þess. Stofnaður var hópur á Workplace og ákveðið að halda málstofu um rannsóknarverkefni ljósmæðra, *Rannsóknarkaffi*, í byrjun maí þar sem ljósmæður í framhaldsnámi og/eða sem eru að vinna að rannsóknum hefðu tækifæri til að kynna verkefnið fyrir samstarfsfólki og fá umræður um þau. Því miður varð að fresta því til hausts vegna samkomutakmarkana og verður *Rannsóknarkaffið* haldið 9. september og áætlað er að það verði haldið reglulega.
- Breyting á námi í ljósmóðurfræði kallar á breytingar á undirbúningi fyrir sérfræðileyfi. Frá og með vori 2021 útskrifast allar ljósmæður frá Háskóla Íslands með meistaraáráðu og hefur fagráðið fjallað um leiðir til þess að undirbúningur til sérfræðiréttinda verði með formlegri hætti en nú er. Í framhaldi af því var stofnaður undirbúningshópur sem í eru fulltrúar frá sérfræðiljósmæðrum, Landspítala, Þróunarstofu íslenskrar heilsugæslu, Námsbraut í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands og Ljósmæðrafélagi Íslands.
- Stjórnin hefur einnig fjallað um og sent frá sér umsagnir, ályktanir o.fl. sem snertir fagið og barneignarþjónustu.
- Í stjórn fagráðsins sitja dr. Valgerður Lísa Sigurðardóttir, sérfræðiljósmóðir og formaður fagráðsins, Bryndís Ásta Bragadóttir, ljósmóðir, dr. Helga Gottfreðsdóttir, forstöðumaður fræðasviðs ljósmóðurfræða, Edda Sveinsdóttir, ljósmóðir, Emma Marie Swift, ljósmóðir, Hallfríður Kristín Jónsdóttir, ljósmóðir og Sigrún Ingvarsdóttir, ljósmóðir.

### Fagráð hjúkrunarstjórnunar

- Fagráð hjúkrunarstjórnunar er vettvangur fyrir stjórnendur, klínískar hjúkrunarfræðinga og fræðimenn á sviði hjúkrunarstjórnunar til að þróa og efla hjúkrunarstjórnun á Landspítala. Fagráðið hefur nú verið starfrækt í 10 ár og hafa þátttakendur verið fjölmennir frá upphafi og telja nú yfir 50 manns. Eðli málsins samkvæmt starfar fagráð hjúkrunarstjórnunar þvert á klínískar kjarna Landspítala og þvert á sérsvið hjúkrunar.
- Hlutverk fagráðs hjúkrunarstjórnunar er að móta sýn og stefnu í hjúkrunarstjórnun á Landspítala, standa vörð um mikilvægt hlutverk hjúkrunarstjórnenda m.t.t. gæða hjúkrunar og öryggis sjúklinga og velferð starfsmanna, stuðla að heilbrigðu og eflandi vinnuumhverfi í hjúkrun, hafa frumkvæði að og taka þátt í innleiðingu og miðlun þekkingar, nýjunga og breytinga í hjúkrunarstjórnun, styðja við rannsóknir, þróun og nám í hjúkrunarstjórnun, hvetja og efla leiðtogaefni í hjúkrun, vera framkvæmdastjóra hjúkrunar til ráðgjafar í málum er varða hjúkrunarstjórnun, efla samvinnu og tengsl við stjórnendur innan og utan Landspítala og taka virkan þátt í stefnumótun stjórnvalda, lögum og reglugerðum sem varða heilbrigðisþjónustu.
- Fagráðið hefur fyrst og fremst rækt hlutverk sitt með fræðslu- og umræðufundum, leshópum og þátttöku í kennslu- og rannsóknarverkefnum.
- Þau verkefni sem lögð verður áhersla á næstu misseri eru vinna við gagnreynda áætlun um hjúkrun á nýjum spítala og farsæla árangursstjórnun þar sem sérstaklega er hugað að framtíðarleiðtogum (succession planning).
- Í stjórn fagráðsins sitja dr. Helga Bragadóttir, prófessor og forstöðumaður fræðasviðs formaður, Berglind Ósk Birgisdóttir, hjúkrunarfræðingur, Erla Dögg Ragnarsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri,



Guðrún Jónsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri, Ingibjörg Guðmundsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri, Margrét Ó. Thorlacius, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir og Sigurveig Sigurjónsdóttir Mýrdal, hjúkrunardeildarstjóri.

- Þeir sem starfa við stjórnun og forystu í hjúkrun á Landspítala eru velkomnir í fagráð hjúkrunarstjórnunar.

### Fagráð fjölskylduhjúkrunar

- Fagráð í fjölskylduhjúkrun á Landspítala hefur unnið að því að þróa sýn og stefnu fjölskylduhjúkrunar en fagráðið vinnur þvert á allar einingar Landspítala. Unnið hefur verið að gerð verkefnaáætlunar um það hvernig fagráðsmenn geti stutt við þróun fjölskylduhjúkrunar inni á þeirra einingum (s.s. með þróun stuttra meðferðarsamræðna).
- Í samstarfi við verkefnahóp um innleiðingu fjölskylduhjúkrunar á Sjúkrahúsínu á Akureyri hefur fagráðið þróað sameiginlegt veggspjald um inntak fjölskyldustuðnings á báðum sjúkrahúsum. Þessi samráðshópur hefur sótt um að vera með málstofu á ráðstefnunni Hjúkrun 2021 þar sem reynslu af notkun hugmyndafræði fjölskylduhjúkrunar yrði deilt með þátttakendum.
- Rannsóknarvirkni fagráðsmeðlima hefur verið góð en nokkur meðferðarrannsóknarverkefni eru í gangi á Landspítala s.s. innan barna-og kvennasviðs, langtímarannsókn varðandi lífsgæði krabbameinssjúklinga og fjölskyldna þeirra og mat hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfræðinemenda á hæfni og færni í fjölskylduhjúkrun.
- Meðlimir fagráðsins eru leiðandi í alþjóðlegu rannsóknarverkefni varðandi aðlögun fjölskyldna barna-og unglinga að heilsufarsvanda barnanna. Þátttakendur í þessari alþjóðlegu fjölskyldurannsókn koma frá Danmörku, Finnlandi, Spáni, Portúgal auk Íslands. Ásta B. Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur og meðlimur í fagráðinu, [varði doktorsritgerð](#) á síðasta ári sem fjallaði um stuðning við fjölskyldur í líknarmeðferð í heimahúsi. Birtar hafa verið greinar í alþjóðleg vísindatímarit upp úr þeim rannsóknum sem fagráðsmenn hafa komið að.
- Fagráðið hefur unnið að gerð rafræns kennsluefnis fyrir fjölskylduhjúkrun og hafa nokkrar deildar nú þegar tekið þau námskeið. Gert er ráð fyrir handleiðslu fyrir þátttakendur og best er ef sérfræðingur í hjúkrun á viðkomandi fagsviði geti séð um þá handleiðslu.
- Í stjórn fagráðsins sitja dr. Erla Kolbrún Svavarsdóttir, formaður fagráðsins, dr. Anna Ólafía Sigurðardóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Guðríður Kristín Þórðardóttir, sérfræðingur í hjúkrun, Henný Hraunfjörð, hjúkrunardeildarstjóri og Hlíf Guðmundsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun.
- Fagráðsfundir eru haldnir mánaðarlega en stjórnarfundir eru haldnir reglulega á milli fagráðsfundanna.